



Fundur í hafnarnefnd

**9. fundur hafnarnefndar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn föstudaginn 8. maí 2020.
Fundur var settur kl. 12:00.**

Mættir voru: Halldór Rúnar Stefánsson, Árni Bragi Njálsson, Jónas Jóhannsson, Jón Rúnar Jónsson forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar og Jónas Egilsson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

1. Dýpkunarframkvæmdir við Þórshöfn

Upplýsingar um fyrirhugað útboð Vegagerðarinnar á dýpkunarframkvæmdum lagðar fram ásamt uppdraetti. Kostnaðaráætlun var einnig lögð fram, en sveitarstjórn hefur samþykkt að taka þátt með Vegagerðinni í útboði vegna dýpkunarframkvæmda með fyrirvara um endanlega kostnað.

2. Staða framkvæmda og lagfæringa við Bakkafjarðarhöfn

Farið yfir aðgerðir Vegagerðarinnar vegna framkvæmda og viðgerða eftir veðurtjón í vetur. Einnig rætt um viðgerðir á hafnarkrananum.

3. Fundagerðir 21. og 22. fundar Siglingamálaráðs, dags. 5. desember 2019 og 6. febrúar 2020

Fundagerðirnar lagðar fram.

4. Fundargerð 421. fundar hafnarsambands sveitarfélaga

Fundargerðin lögð fram.

5. Kynning á hafnardeild Vegagerðarinnar

Kynningargögn um hafnardeild Vegagerðarinnar lögð fram til kynningar.

6. Fyrirspurn um orkuskipti hafna

Fyrirspurn frá Hafnarsambandi sveitarfélaga, dags. 7. apríl 2020, að beiðni umhverfis- og auðlindráðuneytisins um mögulegar aðgerðir til orkuskipta í höfnum, lögð fram.

7. Önnur mál

a) Umsókn um lóð á hafnarsvæðinu á Bakkafirði frá Ísfélaginu, móttækin 5. maí 2020 lögð fram.

Bókun um afgreiðslu: Hafnarnefnd mælir með því að Ísfélaginu verði úthlutað svæði skv. skipulagsuppdraetti fyrir hafnarsvæðið fyrir útgerðarhús.



Einnig er samþykkt að óþarfa munir verði fjarlægðir af hafnarsvæðinu á Bakkafirði og eigendum gert að fjarlægja það umsvifalaust. Að öðrum kosti verði það fjarlægt á kostnað eigenda.

Samþykkt samhljóða.

b) Gamlar innsiglingarvörður.

Bókun um afgreiðslu: Samþykkt að leita styrkja til að viðhalda og kynna gamlar innsiglingarvörður í sveitarfélaginu, t.d. við Skála, Heiðarhöfn og Fossá.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:50.